

Nr. 076 / 14 Sægreifi EA 444**Skipverji slasast á fæti**

Skipaskr.nr. 7287
Smíðaður: Hafnarfirði 1985 plast
Stærð: 3,78 brl. 3,94 bt.
Mesta lengd: 7,60 m Skráð lengd: 7,57 m
Breidd: 2,22 m Dýpt: 1,20 m
Vél: Yanmar 140 kW 2000
Fjöldi skipverja: 4



Sægreifi © Arinbjörn Eiríksson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. apríl 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. ágúst var Sægreifi EA 444 á sjóstangaveiðum á Eyjafirði út af Héðinsfirði. Veður: Logn og ládaútt.

Bátsverjar Sægreifa voru á sjóstangaveiðum í mynni Héðinsfjarðar og höfðu fengið nokkurn afla. Þrír voru með stangir á síðunni þegar einn þeirra rann til og féll í þilfarið. Skipstjórinn gætti að honum og ákvað að sigla tafarlaust til Ólafsfjarðar.

Skipstjóri óskaði eftir því að sjúkrabíll væri til taks við komu til hafnar. Við skoðun á sjúkrahúsi kom í ljós að slasaði var úr ökklaði og brotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist hafa runnið til vegna bleytu sem var á þilfarinu vegna þrifa og annar fóturinn stöðvast á lista sem festur var í það. Fóturinn hafi þá gengið úr liði við höggið og við það brotnuðu leggirnir í fallinu í þilfarið. Slasaði sagðist hafa legið ofan á listanum á þilfarinu á meðan siglt var til hafnar;
- að ekkert var á þilfarinu sem veiðimenn gátu náð til eða stutt sig við haldandi á veiðistöngunum en breidd þilfars var um tveir metrar.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til þess að slasaði féll og fékk við það þungt högg á fótinn.

Sérstök ábending:

Nefndin vill benda skipstjórum skemmtibáta af þessu tagi á að bátarnir séu útbúnir með tilliti til þess að veiðimenn geti haft handfestu eða stuðning við veiðarnar.